

Nefndasvið Alþingis
b.t. atvinnuveganefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 11. febrúar 2021

Efni: Umsögn Samtaka atvinnulífsins um frumvarp til laga um breytingu á lögum um samvinnufélög, lögum um einkahlutafélög, lögum um hlutafélög og lögum um sameignarfélög, 56. mál

Inngangur

Rannsóknir sýna að fjölbreyttir hópar ná betri árangri en einsleitir. Það er því mikið hagsmunamál fyrir atvinnulífið að hópar sem starfa innan fyrirtækja, hópar starfsmanna, stjórnenda og stjórnarmanna, séu sem fjölbreyttastir. Fjölbreytni snýst um kyn, en auk þess um fjölda annarra þátta.

Viðurlög

Í núgildandi lögum eru úrræði til að bregðast við ef lagaskilyrði um hlutfall stjórnarmanna eru ekki uppfyllt. Þegar fyrirtækjaskrá berst tilkynning um breytingu á stjórn gengur hún úr skugga um að nýkjörin stjórn uppfylli skilyrði laganna, þar á meðal um kynjahlutföll, sbr. 124. gr. laga um einkahlutafélög. Ný stjórn er ekki skráð nema að öll lagaskilyrði séu uppfyllt. Vanræksla á skráningu er refsiverð skv. XVIII. kafla laga um einkahlutafélög og XVIII. kafla laga um hlutafélög.

Ákvæðin taka aðeins til þeirra stjórnanna sem kosnar hafa verið eftir gildistöku þeirra. Það er því ljóst að allar stjórnir sem ákvæðin taka til uppfylla ákvæðin þar sem ella hefðu þær ekki fengið skráningu hjá fyrirtækjaskrá. Ef kynjahalli mælist meðal stjórnanna fyrirtækja liggur ljóst fyrir að meginástæðan er sú að þau fyrirtæki hafa ekki breytt stjórnarmönnum frá gildistöku ákvæðisins um kynjahlutföll.

Vægari og árangursríkari leið en lögð er til með frumvarpinu er að breyta ákvæðinu þannig að það nái til félaga sem kusu sér stjórn fyrir gildistöku laganna. Mikilvægt er að félög fái hæfilegan aðlögunartíma og fela þarf hlutafélagaskrá eftirfylgni með því að þessi tilteknu fyrirtæki breyti stjórnnum sínum. Í því sambandi má vekja athygli á að hlutafélagaskrá hefur heimild til álagningar dagsekta.

Hafa verður í huga að í mörgum tilfellum er um fyrirtæki í eigu eins eða örfárra einstaklinga að ræða, oft fjölskyldufyrirtæki, þar sem eigendur sjálfir sitja í stjórn. Opinber afskipti af skipan stjórnanna skerða því eigna- og atvinnuréttindi þessa fólks verulega.

Tölur sem nefndin vitnar til eru rangar

Hinn 1. september 2013 tóku gildi lagaákvæði um kynjahlutföll í stjórnnum fyrirtækja. Lögin gilda um einkahlutafélög þar sem stjórnarmenn eru tveir eða fleiri og þar sem starfa fleiri en 50 starfsmenn að jafnaði á ársgrundvelli. Þegar stjórnarmenn eru tveir eða þrír skal hvort kyn eiga fulltrúa í stjórn og þegar stjórnarmenn eru fleiri en þrír skal hlutfall hvors kyns ekki vera lægra en 40%.

Til áréttingar:

- *1 stjórnarmaður*: Engin krafa um kynjahlutföll.

- 2 stjórnarmenn: Hlutfall hvors kyns má ekki vera lægra en 50%.
- 3 stjórnarmenn: Hlutfall hvors kyns má ekki vera lægra en 33%.
- 4 eða fleiri stjórnarmenn: Hlutfall hvors kyns má ekki vera lægra en 40%.

Um fjöllum frumvarpsins byggist að hluta á tölum og greiningu sem ætlað er að sýna þróunina frá setningu laganna. Þau gögn gefa ekki rétta mynd af raunverulegri stöðu mála.

Í greinargerð segir, án þess að nákvæmrar heimildar sé getið: *Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands voru konur 26,2% stjórnarmanna fyrirtækja sem greiða laun. Hafa þessi hlutföll staðið nokkurn veginn óbreytt frá árinu 2014 í um 26%. Ekki varð teljandi breyting þar á árið 2019 en þá var hlutfall kvenna 26,5%. Árið 2018 var hlutfall kvenna í stjórnnum fyrirtækja með yfir 50 launþega 33,5% og hækkaði hlutfall þeirra aðeins um 1% árið 2019 í 34,7% stjórnarmanna í fyrirtækjum með 50 launþega eða fleiri.*

Á grundvelli þessara hlutfalla draga flutningsmenn þá ályktun að markmið laganna hafi ekki náð fram að ganga og því þurfi að leggja á dagsektir.

Ef betur er að gáð má sjá að meðferð gagna og túlkun er ófagleg og framsetningin gefur ranga mynd af þeim árangri sem lagasetningin hefur skilað. Í því samhengi telja Samtök atvinnulífsins nauðsynlegt að koma eftirfarandi ábendingum á framfæri.

1. Gögnin sem stuðst er við í frumvarpinu ná ekki til flokkunar þeirra fyrirtækja sem lögin taka til á grundvelli fjölda stjórnarmanna. Eðlilegt hefði verið að niðurstöður væru skoðaðar fyrir hvern flokk, til samræmis við ólík viðmið. Þessi framsetning leiðir strax til þess að hlutfallstölur í frumvarpinu eru ómarktækar og rangar. Með þessu er til að mynda vísað til þess að tölur í greinargerð virðast taka til allra fyrirtækja, einnig félaga með einum stjórnarmanni. Flest fyrirtæki á Íslandi eru einkahlutafélög með einum stjórnarmanni. Þetta skekkir tölurnar verulega. SA hefur ítrekað kallað eftir því að Hagstofunni verði falið að reikna hlutfall kvenna í stjórnnum fyrirtækja sem lögin taka til, en ekki hefur orðið við þeirri beiðni.
2. Ekki liggur fyrir til hve margra fyrirtækja lögin ná því engar opinberar upplýsingar liggja fyrir um stærðarflokkun fyrirtækja eftir skilgreiningu laganna, þ.e. fjölda starfsmanna að jafnaði á ársgrundvelli. Samkvæmt upplýsingum sem Samtök atvinnulífsins hafa aflað frá Hagstofu Íslands (sjá fylgiskjal) má ætla að heildarfjöldi launagreiðenda sem hafa fleiri en 50 starfsmenn að jafnaði á ársgrundvelli sé um 600.

Í umfjöllun greinargerðarinnar um hlutfall kvenna í stjórnnum eru settar fram hlutfallstölur sem virðast byggjast á upplýsingum um alla launagreiðendur. Ekkert ártal er birt með fyrstu tölu, og hlutföllin 2014 og 2019 eru sögð 26% og 26,5%. Samkvæmt sérvinnslu Hagstofu Íslands fyrir SA (sbr. fylgiskjal) greiða samtals um 22.000 fyrirtæki laun, en fyrirtæki sem hafa fleiri en 50 starfsmenn að jafnaði á ársgrundvelli eru um 600. Það verður því að teljast óábyrgt að draga ályktun út frá gögnum sem taka til 22 þúsund fyrirtækja þegar lögin taka til 600 fyrirtækja.

3. Í greinargerðinni kemur fram að hlutföllin fyrir árið 2018 og 2019 séu 33,5% og 34,7% miðað við „fyrirtæki með fleiri en 50 launþega“. Það er heldur ekki í samræmi við lögin að fjalla um stöðu fyrirtækja með „fleiri en 50 launþega“ (líklega svonefnd hausatala) því lögin taka til fyrirtækja með fleiri en 50 starfsmenn að jafnaði á ársgrundvelli. Á þessum tveimur skilgreiningum er mikill munur. Árið 2018 var fjöldi fyrirtækja með 50 starfsmenn eða fleiri á ársgrundvelli um 600 en fjöldi starfsmanna (hausatala) sem fengu greidd laun frá þeim var um 1.000 (sjá fylgiskjal). Ef launagreiðendur hjá hinu opinbera eru að mestu undanskildir, þ.e. atvinnugreinarnar opinber stjórnslá, fræðslustarfsemi og heilbrigðis- og félagsþjónusta,

kemur í ljós að fjöldi fyrirtækja á almennum vinnumarkaði með fleiri en 50 starfsmenn að jafnaði á ársgrundvelli var um 400 en fjöldi fyrirtækja sem greiddu fleiri en 50 starfsmönnum laun á árinu (hausatalan) var um 750.

Rangar skilgreiningar á viðmiðum varðandi stærð fyrirtækja og skortur á afmörkun fyrirtækja eftir fjölda stjórnarmanna valda því að ekki er unnt að kveða upp úr um raunveruleg kynjahlutföll í stjórnnum þeirra fyrirtækja sem löggin ná yfir. Ef réttir útreikningar væru gerðir kæmi hugsanlega í ljós að til séu fyrirtæki þar sem kynjahlutföll eru ekki eins jöfn og löggin kveða á um. Ef það yrði niðurstaðan væri líklegasta skýringin sú að þar hafi sama stjórn verið starfandi frá því fyrir gildistöku laganna árið 2013.

Þegar árangur af lagasetningu sem þessari er metinn er nauðsynlegt að fyrir liggi nákvæmar upplýsingar. Það er óheppilegt að lagðar séu fram lagabreytingar sem ekki hvíla á traustari grunni en hér er um að ræða. Það er jafnframt óeðlilegt að bregðast við röngu, misvísandi og ófullnægjandi talnaefni með lagabreytingu.

Úrbótatillögur

Ef talið er óhjákvæmilegt að ganga lengra en núverandi ákvæði gera er hægt að fara vægari leið en með refsingum. SA telja eftirfarandi dæmi um leiðir sem eru vænlegri til árangurs:

- Fyrirtækjum sem hafa ekki skipt um stjórn síðan ákvæðin tóku gildi verði gert að gera það innan tveggja ára.
- Fyrirtæki þar sem starfa fleiri en 50 starfsmenn að jafnaði á ársgrundvelli verði að hafa a.m.k. þrjá stjórnarmenn líkt og á við um hlutafélög.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins



Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri

Fylgiskjal:

Fjöldi fyrirtækja skv. mismunandi skilgreiningum

Fjöldi launagreiðenda eftir atvinnugreinum og fjölda starfa 2018				
Fjöldi fyrirtækja eftir atvinnugreinum skv. mismunandi starfaskilgreiningum				
	Alls	Með fleiri en 50 starfsmenn að jafnaði á ársgrundvelli	Með fleiri en 50 launþega (hausatala)	Mismunur
Landbúnaður	1.168	0	1	1
Fiskveiðar	704	17	20	3
Iðnaður	1.407	98	137	39
Veitur	77	14	16	2
Byggingarstarfsemi	3.384	25	54	29
Heildverslun, bílaþjónusta	1.814	37	55	18
Smásöluverslun	1.005	40	72	32
Samgöngur og flutningar	773	29	49	20
Hótel- og veitingarekstur	1.590	51	179	128
Upplýsingar og samskipti	1.184	27	32	5
Fjármálastarfsemi	511	15	20	5
Ýmis sérhæfð þjónusta	5.549	63	101	38
Opinber stjórnýsla	233	105	124	19
Fræðslustarfsemi	461	33	44	11
Heilbrigðis- og félagsþjónusta	1.302	46	51	5
Menningarstarfsemi	766	16	33	17
Félagasamtök og önnur þjónusta	615	8	18	10
Samtals	22.543	624	1.006	382
<i>Heimild: Hagstofa Íslands - sérvinnsla fyrir SA í desember 2019</i>				